



Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri

Kópavogi, 4. nóvember 2025
2511329/301.00 RMB

Komið er að endurnýjun þjónustusamnings við Samhjálp félagasamtök um daglegan rekstur áfangaheimilisins í Dalbrekku 27 (D-27) fyrir 8 karla sem ástunda edrúmennsku. Samhjálp hefur annast um reksturinn frá desember 2017 í kjölfar útboðs en þjónustusamningar hafa fram til þessa verið gerðir til tveggja ára í senn. Núgildandi samningur rann út 1. nóvember sl.

Hér með er lögð fram tillaga að breytingu á þjónustusamningi en Samhjálp hefur óskað eftir að fækka stöðugildum á heimilinu úr 3,0 í 1,8 í ljósi þess að ekki er þörf fyrir mönnun yfir daginn. Íbúar eru allir með sínar einstaklingsáætlanir og eru alla jafna ekki í húsi á daginn sem þýðir að starfsmenn hafa litlu sem engu að sinna í fjarveru íbúa.

Samhjálp sér tækifæri í að samnýta starfsmenn á áfangaheimilinu sem þau reka á Miklubraut og á D-27 því takturinn er annar á Miklubraut og passar við taktinn á D-27. Starfsmenn aðstoða t.d. íbúa á D-27 með að undirbúa og elda kvöldmat en á Miklubraut er það í hádeginu.

Samhjálp leggur til að viðvera starfsmanna á D-27 verði frá kl. 8.00 til 10.00 og frá kl. 14.00 til 19.00 á virkum dögum en um helgar og á rauðum dögum yrði viðvera frá kl. 10.00 til 12.30. Um er að ræða vaktavinnu 2-2-3 með álagsgreiðslum eftir kl. 17.00 og um helgar. Það skal tekið fram að forstöðumaður er á bakvakt allan sólarhringinn alla daga.

Það er mat skrifstofustjóra og félagsráðgjafa á skrifstofu félagslegs húsnæðis að tillagan sé skynsamleg þar sem starf starfsmanna yrði bæði skemmtilegra og innihaldsríkara auk þess sem dýrmæt reynsla myndi flytjast með starfsmönnum á milli starfsstöðva og fjárúrlát bæjarins minnka.

Hér meðfylgjandi eru drög að nýjum samningi við Samhjálp sem taka mið af ofangreindri tillögu sbr. 5. gr. Gefinn er þriggja mánaða frestur til að innleiða breytinguna gagnvart starfsfólki eða til 1. mars 2026. Önnur fylgigögn eru verklýsing fyrir starfseminu, ársreikningur Samhjálpar fyrir 2024 og leyfi Samhjálpar til að veita vímuefnaaðstoð.

Virðingarfyllst,

Rannveig María Þorsteinsdóttir
Skrifstofustjóri